

Bylgja framfara í málefnum heyrnarlausra í Namibíu verður ekki stöðvuð

- vel heppnaðri ráðstefna um menntun heyrnarlausra nýlokið

Dagana 23. og 24. ágúst var haldin ráðstefna í Namibíu um menntun heyrnarlausra þar í landi. Ráðstefnan var hluti af samstarfsverkefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) og menntamálaráðuneytis Namibíu. Verkefninu, sem staðið hefur yfir frá 2007, lýkur í árslok og á ráðstefnunni var meðal annars litið yfir farinn veg og metið hversu vel hefði tekist að ná þeim markmiðum sem upphaflega voru sett. Megintilgangurinn var þó að ræða atvinnumál heyrnarlausra í landinu og leggja fram tillögur um hvernig auka mætti atvinnutækifæri þeirra.

Vilhjálmur Wium, umdæmisstjóri ÞSSÍ í Namibíu, ávarpaði ráðstefnugesti, tæplega 100 talsins, og gerði grein fyrir helstu áföngum sem náðst hafa á undanföllum árum. „Ég nefndi sem dæmi að heyrnarlausum framhaldsskólanemum nú veitt túlkapjónusta í almennum framhaldsskóla, en áður fyrr höfðu heyrnarlausir ekki tækifæri á að ljúka stúdentsprófi,” segir Vilhjálmur. „Heyrnleysingjaskólar landsins bjóða nefnilega ekki upp á síðustu tvö ár náms til stúdentsprófs. Einnig eru um 40 kennaranemar skráðir á táknaátt í sínu kennaranámi. Þegar þeir fyrstu úr þeim hópi fara að kenna árið 2012 verða vatnaskil í menntun heyrnarlausra. Það verður í fyrsta sinn í Namibíu sem kennarar heyrnarlausra hafa menntun í táknaáttfræðum áður en þeir hefja kennslustörf.“



Vilhjálmur nefndi einnig í ávarpi sínu að yfir 20 heyrnarlausir táknaáttleiðbeinendur vinna nú á vegum menntamálaráðuneytisins sem fullorðinnafræðarar. Þeir kenna fullorðnu heyrnarlausu fólki táknaátt, reikning og ýmsa lífsleikni. Margt heyrnarlaust fólk hefur enga menntun svo heitið geti og lifir í mikilli einangrun.

„Fullorðinnafræðslan gjörbreytir lífi þessa fólks,” segir hann. „Yfir 40 táknaáttstúlkur hafa verið þjálfaðir undanföllum árum og

bráðlega verður boðið upp á táknaáttstúlknaátt á háskólastigi. Skortur á túlkum er eitt helsta vandamál sem heyrnarlausu samfélagið stendur frammi fyrir. Túlkapjónunin hefur breytt miklu til batnaðar.“

Að lokum nefndi Vilhjálmur stofnun þekkingarmiðstöðvar fyrir heyrnarlausra, en sú miðstöð mun gegna lykilhlutverki í menntun heyrnarlausra í framtíðinni.

Vilhjálmur varð fúslega við þeirri beiðni að skrifa pistil um ráðstefnuna:

„Ráðuneytisstjóri menntamála í Namibíu, Alfred Ilukena, ávarpaði ráðstefnuna. Ávarp hans var tilfinningaþrungið, því hann deildi með ráðstefnugestum reynslu sinni úr barnæsku. Hann ólst upp hjá öldruðum frænda sínum sem hafði þá misst bæði sjón og heyrn. Engu að síður stýrði gamli maðurinn heimili sínu, sá um að viðhald húsa væri fullnægjandi og að akuryrkjan væri stunduð á réttan hátt og á réttum tíma árs. Ráðuneytisstjórinn endaði ávarp sitt með því að segja ráðstefnugestum muninn á hinu mögulega og hinu ómögulega. Sá munur fer eingöngu eftir vilja fólks til að ná sínu fram. Ef viljinn er nógu sterkur, þá er ekkert ómögulegt. Þessum orðum beindi hann sérstaklega til heyrnarlausu ráðstefnugestanna. Ráðuneytisstjórinn hét því að gera allt sem í sínu valdi stæði til að framfylgja þeim tillögum sem ráðstefnugestir kæmu sér saman um að nauðsynlegar væru til að fjölga atvinnutækifærum heyrnarlausra.



Frumskýning á nýrri heimildamynd

Með ávarpi ráðuneytisstjórans var tónn ráðstefnunnar gefinn. Er skemmst frá að segja að ráðstefnan stóð undir væntingum skipuleggjenda og vel það. Mörg örvandi erindi voru flutt á ráðstefnunni, en flytjendur þeirra komu frá Namibíu, Íslandi, S-Afríku og Úganda. Einnig var frumsýnd heimildarmynd um líf og starf fjögurra heyrnarlausra Namibíumanna og vakti hún mikla athygli. Var samróma álit ráðstefnugesta að mynd þessa yrði að sýna í namibíska ríkissjónvarpinu til að boðskapur hennar bærist sem víðast.

Á ráðstefnunni voru fulltrúar namibískt atvinnulífs. Gerðu þeir grein fyrir ýmsum erfiðleikum sem fylgja því að ráða heyrnarlausra í vinnu. Snúast erfiðleikarnir fyrst og fremst um samskipti heyrnarlausra og heyrandi. Hins vegar nefndu atvinnurekendur að ýmsir kostir fylgdu að ráða heyrnarlausra í vinnu. Til dæmis er reynsla þeirra að

heyrnarlausir séu yfirleitt mjög samviskusamir og mun stoltari af því að hafa vinnu heldur en heyrandi. Því sé framlegð heyrnarlausra oft hærrí en framlegð heyrandi.

Samtök atvinnurekenda ætla að boða til morgunverðarfundar

Undir lok ráðstefnunnar flutti framkvæmdastjóri samtaka atvinnurekenda í Namibíu, Tim Parkhouse, ávarp. Sagði hann að ef einhver hefði áhuga á að lesa ræðu þá sem hann skrifaði kvöldið fyrir ráðstefnuna, og ætlaði að flytja, þá væri hún í ruslatunnu ráðstefnusalarins. Parkhouse þessi er maður um sextugt sem hefur lengi farið fyrir samtökum atvinnurekenda. Hann sagði að mjög langt væri síðan hann hefði lært jafnmikið á jafnstuttum tíma og á þessari ráðstefnu. Sagði hann að augu sín hefðu opnast, að hugur sinn hefði opnast og að eyru sín hefðu opnast fyrir baráttu heyrnarlausra á vinnumarkaði. Hét hann því að á meðan hann hefði áhrif innan samtaka atvinnurekenda myndi hann vinna að málefnum heyrnarlausra. Hans fyrsta skref verður að halda síðar á árinu morgunverðarfund þar sem málefni heyrnarlausra á atvinnumarkaði verða rædd. Mun hann bjóða forsvarsmönnum stærstu fyrirtækja landsins á þann fund og hvetja þá til að leita allra leiða til að veita heyrnarlausum atvinnu.

Var samdóma álit ráðstefnugesta að ráðstefnan hefði náð markmiðum sínum. Vakti athygli hversu góðir fyrirlesararnir voru, en ekki var dauður punktur á ráðstefnunni. Vinnuhópar voru skipaðir til að leggja fram tillögur. Efni hvers vinnuhóps var vel afmarkað og urðu því tillögurnar markvissar og hnitmiðaðar. Fámenn ritnefnd mun vinna lokaskýrslu sem lögð verður í hendur menntamálaráðuneytis landsins og menntamálaráðherra.



Athygli vakti virk þátttaka heyrnarlausra á ráðstefnunni. Er greinilegt að vakning hefur átt sér stað innan samfélags þeirra um að þeir verði að berjast fyrir sínum málstað. Einn ungur námsmaður, Petrus Uushona, sem er þreytir stúdentspróf undir lok ársins, stóð t.d. á fætur og krafðist svara frá menntamálaráðuneytinu um hvers vegna heyrnarlausir nemendur féllu alltaf á samræmdum prófum. Vildi hann einnig vita hvernig ráðuneytið hygðist taka á þeim málum. „Hvenær fáum við almennilega kennara sem kunna táknmál?“ spurði hann. Þegar hann var ekki ánægður með svörin, þá stóð hann upp á nýjan leik og ítrekaði fyrirspurn sína. Ýmsir aðrir heyrnarlausir vöktu athygli á mörgum málum sem standa þeim nærri. Þessi virka þátttaka

heyrnarlausra er mikil breyting frá ráðstefnu sem haldin var 2007. Þá sátu heyrnarlausu þátttakendurnir hjá og létu lítið fyrir sér fara.

Einnig vakti athygli hversu færir namibískir táknmálstúlkur eru orðnir. Eru þeir mjög fagmannlegir í öllum sínum athöfnum. Þeim ráðstefnugestum sem ekki eru vanir táknmálstúlkun þótti merkilegt að sjá þegar Júlía Hreinsdóttir frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi flutti fyrirlestur á íslensku táknmáli. Þá þýddi íslenskur túlkur fyrirlesturinn yfir á ensku og síðan túlkaði annar túlkur yfir á

namíbískt táknmál og þriðji túlkurinn yfir á úgandískt táknmál. Þarna áttuðu margir sig á mikilvægi þess að hafa góða túlka.



Að lokum má nefna að ýmsir ráðstefnugesta þökkðu ÞSSÍ fyrir vel unnin störf á sviði menntamála heyrnarlausra. Lýstu þeir hins vegar yfir áhyggjum vegna lokunar skrifstofu ÞSSÍ í Namibíu og vörpuðu fram þeirri spurningu hvort þar með væri ekki skráfað fyrir frekari framfarir. Ég er þeirrar skoðunar að sú hætta sé orðum aukin. Samstarfsverkefni undanfarinna ára hefur komið af stað því líkri bylgju framfara í málefnum heyrnarlausra að hún verður vart stöðvuð. Þegar er ábyrgð margra þátta verkefnisins komin í hendur namíbískra stofnana og samtaka. Þá vakti athygli mína orðaval ráðuneytisstjóra menntamála og framkvæmdastjóra samtaka atvinnurekenda í sínum ávörpum. Var mun fastar að orði kveðið en vant er hjá fólki í þeirra stöðu á ráðstefnum af þessu tagi. Vekur það vonir um að þeir meini það sem þeir segja og að þeir muni af alvöru beita sér fyrir málefnum heyrnarlausra. Framtíð heyrnarlausra í Namibíu er því bjartari en áður, að mínu áliti," skrifar Vilhjálmur Wium umdæmisstjóri ÞSSÍ í Namibíu.

Myndir:

1. Vilhjálmur Wium umdæmisstjóri ÞSSÍ og Alfred Ilukena ráðuneytisstjóri menntamála í Namibíu.
2. Nokkrir heyrnarlausir ráðstefnugestir.
3. Petrus Uushona, ungur heyrnarlaus námsmaður, ber fram spurningu.
4. Júlía Hreinsdóttir (t.h.) og namíbískur túlkur í forgrunni.